

Fimmtudaginn 21. júní 1990.

Nr. 32/1990.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Hermanni Gunnari Björgvinsyni

(Grétar Haraldsson hrl.).

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, sem krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing ákærða þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa. Verði refsivist dæmd, verði hún skilorðsbundin.

Ákærði bað um heimild til greiðslustöðvunar 25. mars 1986, en þeirri beiðni var hafnað í skiptarétti Kópavogs 2. apríl 1986. Ákærði óskaði síðan gjaldþrotaskipta á búi sínu 17. október 1986, og var úrskurður um, að bú hans skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, kveðinn upp í skiptarétti Kópavogs sama dag.

Þegar ákærði kom fyrir skiptarétt 2. apríl 1986 vegna beiðni um greiðslustöðvun og aftur 17. október 1986 vegna beiðni um gjaldþrotaskipti, lýsti hann því yfir, að helstu eignir sínar væru tékkar og víxlar, sem voru í vörslu sakadóms Kópavogs. Samkvæmt beiðni hans um greiðslustöðvun var nafnverð þessara skjala 208.875.196 krónur, en þar var reiknað með, að u.þ.b. 20.000.000 krónur kæmu til frádráttar sem ofteknir vextir. Skuldir áætlaði hann 150.000.000 krónur, en þar kæmu einnig til frádráttar ofreiknaðir vextir að fjárhæð u.þ.b. 40.000.000 krónur.

Hald hafði verið lagt á framangreind skjöl hinn 31. október 1985 í tengslum við ætlað refsivert athæfi ákærða, sbr. 43. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hinn 4. desember 1985 krafðist lögmaður ákærða þess, að rann-

sóknarlögregla ríkisins afhenti ákærða gögn þessi. Með bréfi rannsóknarlögreglunnar 10. desember 1985 var kröfunni synjað, og segir svo m.a. í bréfi þessu:

„Rannsókn máls gegn umbj. yðar er eigi lokið, en hún hefur þó leitt í ljós, að verulegur hluti þeirra verðmæta, sem þér ræðið um, á rætur sínar að rekja til ólögmatrar háttsemi umbj. yðar. Langlíklegast er því, að ríkissaksóknari muni taka afstöðu til þess, hvort verðmæti þessi eða a.m.k. hluti þeirra kunni að vera andlag kröfu um upptöku.“

Mál var höfðað gegn ákærða samkvæmt ákæru 20. mars 1986 fyrir okur samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Ekki var þar gerð krafa um upptöku nefndra verðmæta. Gekk dómur í málinu 29. júní 1988, og var ákærði sakfelldur og dæmdur til greiðslu sektar, 1.250.000 krónur.

Engin gögn fylgja máli þessu um afdrif þeirra verðmæta, er rannsóknarlögreglan lagði hald á vegna ætlaðra okurbrota ákærða. Þá liggja ekki fyrir gögn varðandi meðferð á þrotabúi ákærða, eftir að úrskurður var kveðinn upp 17. október 1986, svo sem um lýstar kröfur og eignir. Er því ekki unnt að taka afstöðu til þess, hver verið hafi raunveruleg efnahagsstaða ákærða á þeim tíma, er hann ráðstafaði eignum þeim, sem ákæran tekur til, og hvort lánardrottinnar hans hafi orðið fyrir tjóni eða hve miklu. Ákærði hefur sjálfur ætíð haldið því fram, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar tillit væri tekið til fyrrnefndra verðmæta, er voru í vörslum sakadóms Kópavogs.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að gögn þau, sem ákæra í málinu er byggð á, séu ekki fullnægjandi, og hafi því skort skilyrði til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu skal greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru málsins vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. október sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 15. september 1988, „á hendur Hermann Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, fæddum 7. maí 1955 í Reykjavík, fyrir skilasvik, með því að hafa í desember 1985 og janúar 1986, er ákærði sá eða mátti sjá fram á gjaldþrot, afsalað eignum sínum og rift eftirgreindum kaupsamningi í því skyni að skjóta þeim eignum undan gjaldþrotaskiptum, en í skiptarétti Kópavogs 2. apríl 1986, er tekin var fyrir og synjað beiðni ákærða um greiðslustöðvun, lýsti ákærði yfir því, að hann ætti engar eignir aðrar en tékka og víxla, og í þinghaldi 17. október 1986, er bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta, gaf ákærði aftur yfirlýsingu sama efnis, og undir skiptameðferð búsins kom engin peningaeign fram.

1. Þann 5. desember 1985 afsalað Hrafni Bachmann, Blikanesi 31, Garðabæ, eignarhluta sínum, 2. hæð B í húsinu nr. 1 B við Efstahjalla í Kópavogi, fyrir kr. 2.833.263,10. Kaupverðið greiddi kaupandi með tékka, kr. 2.500.000, sem ákærði framseldi og innleysti samdægurs í Verslunarbanka Íslands hf., og með því að taka að sér að greiða eftirstöðvar áhvilandi láns að fjárhæð kr. 333.263,10.
2. Þann 6. desember 1985 afsalað Björgvin Ólafssyni, Laugavegi 83, Reykjavík, eignarhluta sínum, 2. hæð í fasteigninni nr. 23 við Auðbrekku í Kópavogi, fyrir kr. 5.000.000, sem kaupandi taldist greiða með yfirtöku áhvilandi veðskuldar sömu fjárhæðar.
3. Þann 4. desember 1985 afsalað Svanfríði Kjartansdóttur, Hegranesi 34, Garðabæ, bifreiðinni Y-13856, Chevrolet Malibu, árgerð 1980, fyrir kr. 280.000. Kaupverðið greiddi kaupandi með tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 5/12 1985, en hinum að fjárhæð kr. 80.000, með útgáfudagsetningu 9/12 1985. Tékkana framseldi ákærði og innleysti í Útvegsbanka Íslands á tilteknum útgáfudögum þeirra.
4. Þann 3. desember 1985 afsalað Björgvin Ólafssyni, Laugavegi 83, Reykjavík, bifreiðinni Y-11710, BMW 728 I, árgerð 1982, fyrir kr. 650.000. Kaupverðið greiddi kaupandi með þremur tékkum:

- a) kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 6/12 1985,
- b) kr. 200.000, með útgáfudagsetningu 9/12 1985,
- c) kr. 250.000, með útgáfudagsetningu 10/12 1985.

Tékkana framseldi ákærði og innleysti í Útvegsbanka Íslands á tilgreindum útgáfudögum þeirra.

5. Þann 9. janúar 1986 komið fram riftun á kaupsamningi sínum við Gerpi sf., Túngötu 6, Reykjavík, dagsettum 2.9.1985, en samkvæmt samningnum keypti ákærði herbergi í vesturenda á 4. hæð hússins nr. 20 við Hafnarstræti í Reykjavík fyrir kr. 2.570.000 og þannig fengið kr. 2.240.000, sem ákærði hafði þegar greitt fyrir eignina, endurgreiddar, sem hér segir:

- a) í reiðufé frá Erni Erlendssyni, kr. 1.120.000,
- b) með tékka, kr. 1.120.000, útgefnum 9.1.1986 af Gunnari Rósin-kranz, sem ákærði framseldi og innleysti í Landsbanka Íslands, aðalbanka, 14. janúar 1986.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Niðurstöður.

Með játningum ákærða svo og þeim gögnum, sem lýst er hér að framan, þykir sannað, að ákærði afsalaði eignum sínum, sem taldar eru í 1.-4. lið ákærunnar, rifti kaupsamningnum um húsnæðið að Hafnarstræti 20 í Reykjavík og fékk vegna þessa þær greiðslur, sem tilgreindar eru í ákær- unni. Eignirnar komu því ekki til skipta, er bú ákærða var tekið til gjald- þrotaskipta 9-10 mánuðum síðar, og heldur ekki þau verðmæti, er ákærði fékk í hendur vegna þessa, sem voru samtals að fjárhæð kr. 5.670.000,00. Ákærði hefur gefið þá skýringu fyrir dómi, að hann hafi þurft á þessum verðmætum að halda til að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni, en hefur þó viðurkennt, að hann hafi verið hræddur um, að hann myndi tapa um- ræddum eignum. Hann hefur einnig haldið því fram, að hann hafi á þessum tíma, þ.e. í desember 1985 og í janúar 1986, talið sig eiga fyllilega fyrir skuldum með þeim tékkum svo og peningum og vixlum, er lögreglan lagði hald á í október 1985. Verður að telja sannað með vísan til þessa, að ákærða hafi mátt vera fullljóst, er hann afsalaði áðurtöldum eignum sínum og rifti umræddum kaupsamningi, að svo kynni að fara, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Ekki þykir sannað, að ákærði hafi afsalað eignarhluta sínum í fasteign- inni Auðbrekku 23 í því skyni að skjóta eigninni undan gjaldþrotaskiptum,

enda var einungis greitt fyrir eignina með yfirtöku áhvílandi veðskuldar, en ekkert hefur komið fram um, að eignin hafi verið meira virði.

Með sölu eignanna, sem taldar eru í 1., 3. og 4. lið ákæruskjalsins, kom ákærði í veg fyrir, að lánardrottinn hans fengju fullnustu í þessum eignum, og þar sem andvirði þeirra var ekki lengur til staðar, er bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta, þykir sannað, að ákærði hafi skotið þessum eignum undan. Með riftuninni á kaupsamningnum um húsnæðið að Hafnarstræti 20 þykir ákærði á sama hátt hafa skotið undan verðmætum, sem fólgin voru í kaupsamningnum.

Með háttsemi sinni þykir ákærði hafa brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1973 11/10 Sakadómur Rvík. Nr. 3135. Sátt: 2.500 kr. sekt f. brot g. 48. og 50. gr. umfl.
- 1974 30/10 Sakadómur Rvík. Nr. 1196. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 38. gr. umfl.
Nr. 5. Ákærufrestun, skb. 1 ár, frá 28.11.75 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1978 1/11 Sakadómur Rvík. Nr. 450. Dómur: 30.000 kr. sekt f. brot g. 219. gr. alm. hgl., 26., 37., 48. og 49. gr. umfl.
- 1985 3/7 Kópavogur. Dómur: 245.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 6. gr. l. nr. 58, 1960, 248. gr. alm. hgl. og 2., sbr. 3. mgr., 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 mán. frá 6.8.85.
- 1988 29/6 Kópavogur. Dómur: 1.250.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 58, 1960, um okur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði, sem sakfelld er fyrir, fangelsi í 5 mánuði. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 15. mars 1989.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Gunnar Björgvinsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hrl., kr. 45.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.